

Fundargerð 43. fundar skráningarráðs Gegnis miðvikudaginn 14. janúar 2009
haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37, kl. 9 - 11:30

Fundarmenn: Hulda Ásgrímsdóttir, Jóhanna Diðriksdóttir, Ragna Steinarsdóttir (fundaritari) og Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður). Auk þess sátu fundinn þær Hildur Gunnlaugsdóttir, gæðastjóri Gegnis, Sigrún Hauksdóttir, þróunarstjóri hjá Landskerfi bókasafna og Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna.

1. Fundargerð 42. fundar

Liður 5, vinnuhópur um rafrænt efni. Skipa þarf fulltrúa frá Landsbókasafni þar sem Fanney er núna starfsmaður Landskerfis. Sveinbjörg nefndi að stjórn Landskerfis bókasafna vill styðja við bakið á aðildarsöfnum sem vilja setja inn rafrænt efni í Gegni með vélrænum hætti líkt og gert var með tímarit Landspítalans.

Liður 6, önnur mál.

- a. Tímarit. Hver sér um að búa til færslur fyrir eintaksfreku tímaritin og hvaða tímarit er um að ræða? Þessum færslum þarf að halda í algjöru lágmarki, einungis fyrir íslenskt efni og þá helst vikurit. Þ.á.m. er Vikan, Myndasögusyrpan, Séð og heyrt og Andrés önd. Ragna bað Helgu Kristínu Gunnarsdóttur um að fara yfir þær færslur sem þegar eru komnar og búa til nýjar fyrir Myndasögusyrpu og Lifandi vísindi. Lykilatriði er að söfn taki til í tímaritaeign sinni til að létta á færslunum. Sigrún sendir árétttingarpóst Þóru áfram á stóra póstlistann.
- b. Erindisbréf efnisorðaráðs var framlengt til vors og lokaskýrslu um efnisorðaverkefni sem styrkt er af Landskerfi bókasafna verður skilað í apríl/maí. Þá verður erindisbréf efnisorðaráðs einnig endurskoðað. Lagt var til að fundur yrði haldinn með fulltrúum ráðanna og einhverjum úr stjórn Landskerfis bókasafna í kjölfar þess að skýrslu er skilað. Líklegt er að starfsemi efnisorðaráðs verði endurskoðuð.

2. **Myndbandaskráning, val á höfði.** Ákveðið að Ragna hafi samband við Þorstein Gunnar á Akureyri og Árnýju í Hafnarfirði og komi á fundi.
3. **Skráning fylgiefnis.** Ragna ræddi um að rétt væri að setja fram viðmiðun um að skrá fylgiefni í sér færslu fremur en með grunngagni. Það er þó stundum álitamál og tilhneigingin hefur verið sú að hafa sér færslur þar sem hægt er. Ákveðið að gera ekkert í málunum.
4. **Ártöl á þýðingum.** Ártöl í sviði 240 (frummál þýðinga) gera það að verkum að færslur falla ekki saman í flettileit. Sigrún og gæðahópur skoðar hvort hægt sé að sleppa birtingu ártals í 240 \$f. Landsbókasafn skoðar hvort ártalsgreining í 240 sé nauðsynleg í erlendum þýðingum íslenskra skáldverka.
5. **Tungumálakóðun þýðinga.** Ekki skal kóða millimál sem þýtt er úr í 0411, heldur einungis frummál. Geta má um millimál í athugasemd.

6. **Frátektir fjölbindaverka.** Fyrirspurn kom frá lánþega til Landskerfis um frátektir eins bindis fjölbindaverks sem er skráð í einni færslu. Þetta er ekki hægt nú á gegnir.is. Skilaboð birtast, “Eintak er í hillu, frátekt ekki möguleg” ef eitthvert bindi er inni, en þó ekki það sem lánþegi vill fá. Þetta er hægt að gera í starfsmannaaðgangi. Næst þegar gegnir.is verður endurskoðaður væri gott að breyta skilaboðunum, t.d. “Frátekt ekki möguleg, hafðu samband við viðkomandi safn”.
7. **Tölfræði.** Sigrúnu og Hildi hefur tekist að finna út fjölda nýrra skráningarfærslna fyrir árið 2008. Um er að ræða virkar bókfræðifærslur sem stofnaðar voru 2008. Tímarit eru þó grunsamlega mörg, en þar í eru auglýsingapésar o.fl. Fjöldi tónlistar- og greinifærslna virðist eðlilegur. Handrit eru mjög mörg (1195) vegna þess að handritadeild Lbs er farin að lána í gegnum kerfið, en í þessum færslum er nánast ekkert nema númer. Eftir er að greina undirfærslur fyrir tónlist og bækur, ritgerðir o.fl. úr þessu mengi. Í sumar munu þær stöllur reyna að fá vísbendingu um framlag safna, en mjög erfitt er að fá áreiðanlegar upplýsingar um framlag einstakra safna til skráningar og verður sennilega aldrei hægt. Upplýsingar vantar um hvað lánast mest af skáldverkum og ævisögum. Árslokátölfræði er komin inn á netið, en ekki er búið að tilkynna það. Fanney og Bryndís Ingvars skoða, en fleiri þyrftu að koma þar að. Millisafnalán þurfa að teljast eins og önnur lán, en það þarf einnig að vera hægt að telja þau sér. Einnig skipa- og leikskólalán úr almenningssöfnum, svokölluð koffortalán (mörg rit í pakka, lánuð einu sinni).
8. **Verkefnaáætlun gæðahóps.** Ekki hefur verið hægt að klára verkefni vegna þess að endurlyklun kerfisins bíður. Óvirkir tenglar eru nú til í lista sem þarf að skoða vandlega. Einungis 1123 óvirkir tenglar eru í kerfinu. Lbs-Hbs skoðar óvirku tenglana til að byrja með, en síðan þarf að ákveða hvernig unnið verður úr þessum keyrslum. Þóra mun skoða skrána yfir virku tenglana til að sannreyna hvort þeir séu í raun virkir og réttir.
9. **Önnur mál**
 - a. Bryndísi Vilbergsdóttur verði falið að kalla saman nafnmyndahóp tónlistar sem fjalli bæði um efnisorð og nafnmyndir tónlistarmanna sem þarfnast umritunar (Tsjaikovskí).
 - b. Hildur hefur samþykkt að titlar tónverka séu teknir upp úr Grove án þess að getið sé heimilda, þ.e. að ekki sé gerð athugasemd þar um. Skráningarráð tekur undir þetta.
 - c. Hulda kom með ábendingu um að oft sé erfitt fyrir notendur að sjá hvernig þeir komast í sitt safn. Ekki verður farið í breytingar á gegnir.is nema að vel athuguðu máli og í samráði við fleiri notendur.
 - d. Jóhanna ræddi um efnisorðið Raddskrár, hvort ekki ætti að sleppa yfirheitinu Nótur við lyklun. Almenna reglan er að lykla með sértækasta heiti sem til er og nota ekki jafnframt yfirheiti nema þörf sé á því vegna samhengisins. Formgreiningin á þessu efni er nótur og þannig næst allt saman í leit.

- e. Sveinbjörg: OCLC samningur um að sækja færslur hefur ekki verið endurnýjaður vegna breytinga hjá seljanda. Málið er í vinnslu, en OCLC hefur lofað að ekki verði lokað. Hækkun er fyrirsjáanleg og hafa þarf samband við hlutaðeigandi söfn til að athuga hvort þau samþykkja hana.
- f. Frá janúar 2009 þarf að draga lífeyrissjóðsiðgjald af greiðslum til handa skráningarráði og efnisorðaráði.

Næsti fundur verður haldinn 11. feb. kl. 9 í Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37.